

Ágætu félagar og gestir.

Starfsemi klúbbsins var öflug árið 2016.

Félagar í klúbbum eru 79. Stjórnarfundir voru X á árinu, auk óformlegra funda stjórnar kringum ýmsar framkvæmdir. Verkefni stjórnar sneru að framkvæmdum við nýja vélargeymslu og að öðrum framkvæmdum á vellinum og golfmótum sem nánar verður vikið að hér að neðan. Síðasti aðalfundur var haldinn 29. mars.

Í stjórn eru: Gísli Páll Björnsson, formaður, Anna Halldórsdóttir gjaldkeri, Gestur Halldórsson og Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnendur og Sæmundur Helgason ritari. Ólafía Gísladóttir og Sigurður Ægir Birgisson eru í varastjórn. Í mótastjórn eru: Bjarnar Karlsson, Björn Sigfinnsson, Guðmundur Borgar, Haraldur Jónsson, Óli Kristján Benediktsson, Friðrik Ólafsson og Sigurður Guðnason.

Óli Kristján Benediktsson sá að venju um hirðingu vallar og eru honum færðar þakkir fyrir gott utanumhald og vel hirtan völl.

Framkvæmdir voru nokkrar á árinu. Hæst ber að vegleg vélarskemma reis við golfskálann. Verkið var unnið af Geir Þorsteinssyni. Jarðvinna var unnin af Jóni Kjartanssyni. Félagsmenn komu víða að verkinu í sjálfböðavinnu og fá þeir þakkir fyrir óeigingjarnt starf. Að öðrum ólöstuðum þá ber að þakka Magnúsi Jónassyni og Gísla Páli Björnssyni sérstaklega fyrir alla þá miklu vinnu sem þeir hafa á sig lagt.

Af öðrum framkvæmdum þá ber að nefna að skeljasandur var settur í fjóra bönkera. Í vor voru teknir í notkun grasteigar á 3. og 9. Teig og leystu þeir af hólmi gervigrasteiga sem þar voru. Vegurinn milli 3. og 4. teigs var lagaður í maí, eftir skemmdir sem urðu fyrir áramót í miklum vatnságangi. Flatir voru gataðar og sandaðar.

Mót voru 26 í allt. Nettómótin voru 14 og Paramót Húsasmiðjunnar voru 5. Einnig voru haldin hvítasunnumót, Landsbankamót, Humarhátíðarmót, Minningarmót um Gunnar Hersir, Meistaramót, Jöklamót. Þátttaka var mismunandi góð eftir mótum og mótaroðum.

Sveitakeppni Austurlands átti að halda hér á heimvelli í lok júlí, en keppnin féll niður sökum ónægrar þátttöku.

Rögnvaldur Magnússon golfkennari var með golfkennslu 1.-4. júní og var aðsókn góð og ánægja með kennsluna. Einkar ánægjulegt var að sjá fjölda barna og unglunga sem nýttu sér kennsluna. Það skemmdi alls ekkert fyrir að veðrið lék við nemendur og kennara alla vikuna.

Við óskum ykkur góðs og gleðilegs golfsumars og þökkum ykkur fyrir komuna.

Hornafirði, 7. febrúar 2017
Stjórn GHH.